FLENSBORGARSKÓLINN



Öryggishandbók

Flensborgarskólans

Uppfærð í október 2026

Bein númer í Flensborg:
Skrifstofa 1400/565 0400 - Skólameistari 1402/ 565 0401/ 694 7594 – Húsvörður 1408/ 565 0428/ 660 4172
Aðstoðarskólameistari 1403/ 565 0481/691 7766

FLENSBORGARSKÓLINN

Öryggishandbók
starfsfólks Flensborgarskólans

Í þessu hefti eru að finna leiðbeiningar til starfsfólks Flensborgarskólans ef upp kemur hættuástand í skólahúsnæðinu.

Ef sjáanleg hætta er á svæðinu (bruni, náttúruhamfarir) skal hefja rýmingu tafarlaust.

EF vá(árás/slagsmál/slys/veikindi) er á svæðinu skal umsvifalaust hringja í 112 og á skrifstofu skólans, 565 0400 eða 1400 (innanhúss).

Bein númer í Flensborg:
Skrifstofa 1400/565 0400 - Skólameistari 1402/ 565 0401/ 694 7594 – Húsvörður 1408/ 565 0428/ 660 4172
Aðstoðarskólameistari 1403/ 565 0481/691 7766

Bruni

Ef brunaviðvörunarkerfi skólans fer í gang þá eiga allir að setja sig í viðbragðsstöðu fyrir rýmingu.

*Ef enginn eldur eða sjáanleg hætta er á svæðinu þá skal **beðið með að hefja rýmingu í allt að eina mínútu** eða þar til boð berast frá skrifstofu í gegnum kallkerfi skólans (símar) um tafarlausa rýmingu eða falsboð.*

*Ef brunaviðvörunarkerfi fer **ítrekað** í gang þá skal hefja tafarlausa rýmingu.*

Ekki hringja á skrifstofu ef brunaviðvörunarkerfi fer í gang! Mikilvægt er að símalínur séu ekki uppteknar.
Aðeins skal hringja ef starfsfólk hefur vissu eða rökstuddan grun fyrir því að brunakerfi hafi farið af stað vegna **falsboða eða hættu**, þá láti þau skrifstofu tafarlaust vita. Innanhúss sími: **1400**.

Ef sjáanleg hætta er á svæðinu (bruni, náttúruhamfarir, ofbeldi) skal hefja rýmingu tafarlaust og hringja í 112. Einnig að hringja á skrifstofu ef tök eru á.

Hlutverk starfsfólks

- Starfsfólk á svæðum/kennslustofum á að tryggja að þeirra svæði sé autt við rýmingu. Þau yfirgefa svæðið á **eftir** nemendum.
- Á öllum svæðum er val um fleiri en eina flóttaleið. Leitast skal við að velja þá leið sem **ekki rýfur brunahólf** (hurðar sem lokast sjálfkrafa þegar brunaviðvörunarkerfi fer í gang).
- Allt starfsfólk skal kynna sér skilti með flóttaleiðum og vera meðvitað um þær leiðir sem í boði eru.
- Lykilstarfsfólk hefur ríkari skyldur en aðrir þegar kemur að rýmingu.

Lykilstarfsfólk þegar upp kemur hættuástand

Öryggisnefnd

Steinþór Hlöðversson, Einir Tyrfingsson, Díana Guðjónsdóttir, Sveinn Alfreðsson, Árni Stefán Guðjónsson, Erla S. Ragnarsdóttir og Júlía Jörgensen.

Lykilstarfsfólk á einstökum svæðum

Brekka

Kennarar í stofum B201, B204 og B306.

Miðhús

Kennarar í stofum M103, M107, M305 og starfsfólk á bókasafni.

Starfsbraut

Sviðsstjóri/starfsfólk í M105 og kennarar í M204 og M208.

Hamar

Kennarar í H102 og H202.

Fyrirlestrarsalur

Hefja skal rýmingu um leið og bjalla fer í gang þar sem ekki er símtæki þar til að taka við frekari skilaboðum.

Mötuneyti

Forstöðumaður.

Skrifstofuálma

Skrifstofustjóri og fulltrúi.

Flakkarar

Umsjónarmaður fasteigna, áfangastjóri og fjármálastjóri.

Stjórnun og tilkynningar

Umsjónamaður fasteigna, skólameistari, aðstoðarskólameistari.

Hlutverk lykilstarfsfólks

Aðstoða ef upp kemur hættuástand. Lykilstarfsfólk býr yfir þekkingu á öryggiskerfi skólans og hefur grunnþekkingu í notkun slökkvitækja.

Lykilstarfsmenn á einstaka svæðum
- Hringja í 112 ef upp kemur sýnileg hætta á þeirra svæði.
- Beina fólki á réttar flóttaleiðir við rýmingu.
- Reyna að tryggja rýmingu á sínu svæði.
- Þekkja til staðsetningar slökkvitækja og kunna að nota þau.

Starfsfólk á starfsbraut
Sviðsstjóri eða það starfsfólk sem eru í stofu M105 **taki með sér möppu með stundatöflum nemenda** á starfsbraut til að auðvelda yfirsýn á safnsvæði, sem er leikvöllurinn.

Athugið að við neyð stöðvast lyfturnar og getur þurft að halda á hreyfihömluðum nemendum út.

Sviðsstjóri sér um að upplýsa stuðningsfulltrúa og aðstoðarfólk nemenda um þeirra hlutverk komi til rýmingar húsnæðis skólans.

Flakkarar
- **Hringja í 112** ef upp kemur sýnileg hætta á þeirra svæði.
- Upplýsingagjöf til stjórnenda/skrifstofu um hættu einnig ef um er að ræða falsboð eða bilun.
- Reyna að tryggja rýmingu á því svæði sem þeir eru á.
- Að þekkja til staðsetningar slökkvitækja og kunna að nota þau.

Stjórnun
- Stjórenendur samhæfa aðgerðir.
- Ábyrgð á rýmingu. Gefa skipun um rýmingu eða tilkynna falsboð.
- Hringja í 112.
- Tilkynningar til öryggisfyrirtækis (s: 533 5533).
- Tryggja aðkomu slökkviliðs, sjúkraliðs og lögreglu.
- Upplýsingagjöf til starfsmanna, nemenda og aðstandenda eftir því sem við á.
- Samskipti við fjölmiðla
- Skráning atvika í öryggishandbók.
- Fræðsla um öryggismál, uppfærsla aðgerðaráætlunar og símenntun (rýmingar- og viðbragðsæfingar).
- Tryggja að öryggisspjaldið sé alltaf í húsi hjá æðsta öryggisstjórnanda hverju sinni.

Rýming við hættuástand

Við rýmingu eiga þeir sem eru staddir í eftirtöldum rýmum að fara að eftirfarandi flóttaleiðum séu þær greiðar:

Brekka:
B301, B302, B303, B304, B305, B306, B204, B205:
Að fara út um gamla aðalinnganginn á vesturhlið Brekku.
Leikvöllurinn er safnsvæði.

B201 og B202:
Að fara út um inngang í porti (norðurhlið Brekku).
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Vinnuherbergi kennara (Snorrastofa):
Að fara út um inngang á norðurhlið Brekku.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

B101 og aðstaða NFF:
Að fara út um inngang í porti (austurhlið Brekku).
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

B102:
Að fara út um dyr á norðurhlið kjallara út í port.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Miðhús
M102, M103, M104, M105, M202, M203, 204, lesstofur, bókasafn, M302, M303, M304, M305, M306, M307:
Að fara út um aðalinnganginn á suðurhlið Miðhúss.
Leikvöllurinn er safnsvæði.

M101, M106, M107:
Að fara út um inngang inn af gangi við stofu M107 á norðurhlið Miðhúss eða út um aðalinnganginn á suðurhlið Miðhúss við starfsbraut.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði og leikvöllurinn.

M207, M208, M301, M308, vinnuherbergi, M309:
Að fara út um neyðardyr(glugga) á suðurhlið neðsta tengigangs milli Brekku og Miðhúss.
Leikvöllurinn er safnsvæði.

Bein númer í Flensborg:
Skrifstofa 1400/565 0400 - Skólameistari 1402/ 565 0401/ 694 7594 – Húsvörður 1408/ 565 0428/ 660 4172
Aðstoðarskólameistari 1403/ 565 0481/691 7766

Hamar
Hamarssalur:
Að fara út um neyðardyr á austurhlið og suðurhlið í salnum.
Leikvöllurinn er safnsvæði.

Matsalur starfsfólks:
Að fara út um neyðardyr í Hamarssal eða starfsmannainngang á austurhlið.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Eldhús:
Að fara út um inngang eldhúss.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Ræsting:
Að fara út um inngang ræstingar.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Námsráðgjöf, H101, H102 anddyrissvæði:
Að fara út um neyðardyr á norðurhlið Hamars.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Skrifstofur, tölvutorg, tölvuumsjón:
Að fara út um aðalinngang.
Leikvöllurinn er safnsvæði.

Vinnuherbergi og kaffistofa í Hamri, H201, H202, viðtalsherbergi, Kot, slökunarrými, fundarherbergi:
Að fara út um starfsmannainngang.
Hamarinn ofan við steinhleðslu er safnsvæði.

Öryggisafdrep ef leita þarf skjóls eftir rýmingu.
- **Öldutúnsskóli, sími 555-1546**
- **Íþróttahúsið við Strandgötu, sími 555-1711**

Skyndileg vá – árás, slagsmál, veikindi eða slys

Ef kalla þarf til lögreglu, sjúkrabíl eða utanaðkomandi hjálp

Fyrstu viðbrögð, almennt
Viðkomandi starfsmaður hlúir að nemanda/starfsmanni og hringir **beint í 112.** Einnig er mikilvægt að hafa samband við skrifstofu. Beinn sími skrifstofu innanhúss er **1400** en sími skrifstofu er 565 0400. Skrifstofan hringir á sjúkrabíl ef þörf er á og lætur skólameistara eða staðgengil hans vita strax. Sá aðili ber ábyrgð á næstu viðbrögðum og ávallt í samstarfi við lögreglu.

Það sem þarf að gera:
- Hlúa að nemanda/starfsmanni þar til hjálp berst. Fá nafn og símanúmer til að hægt sé að hafa samband við viðkomandi aðstandendur ef þörf er á (starfsmaður á vettvangi).
- Tryggja að skilaboð komist hratt til skrifstofu sem kallar eftir hjálp - beinn sími skiptiborðs innanhúss er 1400, sími skrifstofu 565 0400 (starfsmaður á vettvangi).
- Koma skilaboðum til skólameistara/staðgengils (skrifstofa).
- Tryggja aðgengi sjúkrabíla að skólanum (stjórnandi/starfsmaður).
- Vera til staðar og taka á móti lögreglu/sjúkraflutningamönnum (stjórnandi/starfsmaður).
- Sé hætta á göngum skólans/kennslurýmum er ávallt mikilvægt að halda kyrru fyrir og bíða frekari fyrirmæla um rýmingu.
- Tryggja aðgengi að sjúklingi þannig að leið sjúkraflutningamanna sé greið (stjórnandi/starfsmaður).

- Fylgja slösuðum alla leið. Ef ekki hefur náðst í aðstandanda þarf starfsmaður úr skólanum að fylgja slösuðum á sjúkrahúsið. Skrifstofa sér þá um að halda áfram að reyna að ná í aðstandanda.
- Mikilvægt er að skrifa skýrslu um atvikið. Sá starfsmaður sem kemur fyrst að og tekur að sér verkstjórn skrifar skýrsluna. Ef atvikið er alvarlegt ber einnig að tilkynna það til vinnueftirlitsins.

Starfsbraut
Mikilvægt að tryggt sé að allt starfsfólk sem umgengst nemendur á starfsbraut þekki einkenni fötlunar þeirra og/eða veikinda og viti hvenær á að kalla til aðstoð. Starfsfólk starfsbrautar kallar til aðstoðar beint. Mikilvægt er að tilkynning berist jafnframt til skrifstofu og að skýrslu sé skilað á skrifstofu.

Bein númer í Flensborg:
Skrifstofa 1400/565 0400 - Skólameistari 1402/ 565 0401/ 694 7594 – Húsvörður 1408/ 565 0428/ 660 4172
Aðstoðarskólameistari 1403/ 565 0481/691 7766

Íþróttahús

Íþróttakennurum ber að kynna sér öryggisáætlun íþróttahúss. Gert er ráð fyrir að íþróttakennarar kalli til lögreglu/sjúkraflutningamenn beint í samstarfi við starfsfólk íþróttahúss. Mikilvægt er að tilkynning berist jafnframt til skrifstofu skólans. Íþróttakennari skal skila inn skýrslu um atvikið til skrifstofu.

Eftirfylgni

- Tilkynna innan skólans þeim sem þurfa að fá upplýsingar um atvikið (skrifstofa, námsráðgjafar eða stjórnendur sjá um það eftir atvikum).
- Hafa samband við aðstandendur og fá upplýsingar um líðan (stjórnendur).
- Stýra, eins og hægt er, umfjöllun í fjölmiðlum (stjórnendur).

Tæki til aðhlynningar

Sjúkrakassa er að finna á eftirtöldum stöðum:

- á skrifstofu skólans
- kaffistofu í Hamri
- starfsbraut
- kennslueldhús
- mötuneyti
- hjá umsjónarmanni fasteigna
- í efnafræðistofu - M301

Teppi og kodda til aðhlynningar er að finna í slökunarrými, Koti, á annarri hæð í Hamri ásamt færanlegu rúmi.

Hjartastuðtæki er að finna á gangi í H-húsi, fyrir framan skrifstofu skólans.

Vinsamlegast kynnið ykkur spjöldin í stofum ykkar og á gangi við stofurnar þar sem aðgerð – rýmingu er lýst. Einnig er öryggishandbók að finna á kaffistofu starfsfólks á 2. hæð í Hamri og á TEAMS.